

## SAMÞYKKT

7

17. jan.

fyrir Vatnsveitufélag Holtshverfis í Vestur-Eyjafjallahreppi.

### 1. gr.

Félagið heitir Vatnsveitufélag Holtshverfis. Heimili þess og varnarþing er í Vestur-Eyjafjallahreppi í Rangárvallasýslu.

### 2. gr.

Tilgangur félagsins er að sjá býlum á félagssvæðinu fyrir vatni.

### 3. gr.

Skylt er öllum ábúendum Holtshverfisjarða að vera meðlimir Vatnsveitufélags Holtshverfis, og skal hver núverandi ábúandi greiða um leið og hann gerist félagsmaður, stofnfé til félagsins, að upphæð fimm hundruð krónur, og telst hann eigi fullgildur félagsmaður, fyrr en það stofngjald er innt af hendi.

Allt vatn í fjós, þvottahús og önnur þau hús, er heyra búrekstri jarðarinnar til, telst undir sama stofngjald og íbúðarhús.

Félagsskylda samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar er því skilyrði háð, að ábúanda séu látin í té afnot af vatni því, sem félagið hefur til umráða.

### 4. gr.

Ef býlum fjölgar á félagssvæðinu má taka búendur þeirra í félagið með samþykki lögmeats félagsfundar. Nýr félagsmaður greiðir sama stofngjald og eldri félagar og öll gjöld, sem á félaginu hvíla til jafns við aðra félagsmenn, frá því er hann gekk í félagið. Sjálfur skal hann kosta allar þær framkvæmdir, sem gera verður sérstaklega hans vegna til þess, að hann geti notað mannvirki félagsins.

### 5. gr.

Kostnað af upphaflegri aðalleiðslu vatnsveitunnar skal að jöfnum hlutum greiða fyrir hvert býli á félagssvæðinu. Skal hann greiddur með stofngjöldum félagsmanna, þar sem þau hrökkva til, og styrk, sem veittur kynni að vera til vatnsveitunnar.

Vatnsskatt skal innheimta árlega af hverju býli á félagssvæðinu, sem vatns nýtur úr vatnsveitunni. Skal félagsstjórnin tiltaka upphæð hans þannig fyrir hvert reikningsár, að nægi til greiðslu vaxta og afborgana stofnkostnaðar aðalleiðslu vatnsveitunnar og til viðhalds.

Gjöld samkvæmt 2. mgr. þessarar greinar má taka lögtaki ásamt áföllnum innheimtukostnaði, ef ekki er staðið í skilum um greiðslu gjalda til félagsins.

Eignir félagsins standa til fullnægingar skuldbindingum þess. Enginn félagsmaður ber ábyrgð á skuldbindingum félagsins umfram gjöld þau, sem honum er gert að greiða til félagsins samkvæmt ákvæðum þessarar samþykktar.

### 6. gr.

Félagsstjórn er skylt að boða til félagsfundar, ef fjórir félagar eða tveir stjórnarmeðlimir, krefjast þess, enda greini þeir tilefni kröfunnar.

### 7. gr.

Félagsfundur er lögmeður, ef helmingur félagsmanna sækir hann, enda hafi verið löglega til hans boðað. Fundur er löglega boðaður, ef hverjum félagsmanni er tilkynnt fundarboðið bréflega eða persónulega með fimm daga fyrirvara. Á félagsfundum hafa allir félagsmenn jafnan rétt og ræður afl atkvæða úrslitum.

7

17. jan.

Aðalfundur félagsins skal haldinn eigi síðar en 1. apríl ár hvert. Til hans skal boða með viku fyrirvara bréfléga eða persónulega.

Aðalfundur er lögmætur, ef  $\frac{3}{4}$  félagsmanna sækja hann. Hafi þrisvar sinnum verið boðað til aðalfundar vegna ónógrar fundarsóknar, telst þriðji fundurinn lögmætur, hver sem fundarsókn er.

Á aðalfundi skuli teknar ákvarðanir um starfsemi félagsins á árinu, lagðir fram endurskoðaðir reikningar þess og kosnir þrír menn í stjórn félagsins og þrír til vara, kosnir tveir endurskoðendur og einn til vara — allir til eins árs í senn.

Liggi önnur mál fyrir aðalfundi en venjuleg aðalfundarstörf, skal þeirra getið í fundarboði.

9. gr.

Stjórn félagsins skiptir sjálf með sér verkum. Störf stjórnar og endurskoðenda skulu vera ólaunuð.

Formaður kveður stjórnina saman til fundar og boðar félagsfundi og aðalfundi.

Stjórnarfundir eru því aðeins lögmætir, að allir stjórnarmenn séu mættir. Í föllum aðalmanna taka varamenn sæti í þeirri röð, sem atkvæðamagn þeirra segir til um. Séu jöfn atkvæði ræður hlutkesti.

Færa skal gerðabók stjórnarfunda og skal ritari stjórnarinnar lesa fundargerð í lok hvers fundar, og undirrita hana ásamt formanni, þegar hún hefur verið samþykkt.

10. gr.

Stjórn félagsins hefur umsjón með vatnsveitunni, annast reikningshald hennar og innheimtu á gjöldum til félagsins. Hún sér og um viðhald og viðgerðir á vatnsbóli og aðalleiðslu. Viðhald heimtauga og umbúnað í húsum annast félagsmenn hver hjá sér.

11. gr.

Samþykkt þessari má ekki breyta nema á aðalfundi, enda hafi breytinganna verið getið í fundarboði og séu að minnsta kosti  $\frac{2}{3}$  félagsmanna samþykkir þeim.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 17. janúar 1958.*

**Hannibal Valdimarsson.**

Hallgrímur Dalberg.